

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Dreifing: Almenn
15. september 2025.
ÓÚTGEFIN
FYRIRFRAMÚTGÁFA

Frummál: Enska

Nefnd um réttindi fatlaðs fólks

Listi með ábendingum í tengslum við frumskýrslu Íslands*

A. Markmið og almennar skuldbindingar (1.–4. grein)

- Veita skal uppfærðar upplýsingar um:
 - Núverandi fyrirkomulag sem tryggir að fatlað fólk taki þátt í ákvarðanatökufæri við lagasetningu og stefnumótun fyrir milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.
 - Endurskoðanir á stjórnskipan og á lögum sem ráðist hefur verið í eða eru fyrirhugaðar til að samræma landslöggerð við ákvæði samningsins.
 - Landsáætlunina um innleiðingu samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 2024–2027, þar með taldar árangursmælingar, vöktunarkerfi og mat á framkvæmd.
 - Stöðu frumvarpsins um lögfestingu samningsins sem var samþykkt á alþingi 2019 (CRPD/C/ISL/1, 8. mgr.) með tilliti til þess hvort skírskotað hafi verið til samningsins í ákvörðunum dómstóla, stjórnsluúrskurðum eða lögskýringum.
 - Ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða eru fyrirhugaðar til að fagráðuneytinu sem ber ábyrgð á öllum öðrum mannréttindasamningum verði úthlutað ábyrgð á samningnum.
 - Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja samhæfða nálgun ríkis og sveitarfélaga til að innleiðing samningsins verði samræmd á landsvísu.
 - Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að fullgilda valfrjálsu bókunina við samninginn.

B. Sértek réttindi (5.–30. gr.)

Jafnrétti og bann við mismunun (5. gr.)

- Veita skal upplýsingar um:
 - Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að bæta fötlun við sem óleyfilegri ástæðu fyrir mismunun í 65. gr stjórnarskrárinnar og annarri viðeigandi landslöggerð (CRPD/C/ISL/1, 42. mgr.).
 - Öll lög in jafna meðferð (CRPD/C/ISL/1, 44.–46. mgr.) og hvort þau ná yfir allar birtingarmyndir mismununar á grundvelli fötlunar, þ.m.t. þegar fötluðu fólk er neitað um viðeigandi aðlögun og fjölbætta mismunun.
 - Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að samþætta fötlun að fullu sem þverlægt mál í öllum landsbundnum stefnuáætlunum um jafnrétti, þ.m.t. kynjajafnrétti, og taka

* Samþykkt af nefndinni, milli funda, 15. september 2025.

kerfisbundið á fjölþættri mismunun í opinberri stefnu, aðgerðaáætlunum og fjárlagarömmum og gefa dæmi um viðeigandi landsbundnar stefnuáætlanir, aðgerðaáætlanir, fjárveitingar og vöktun á framkvæmd sem á skýran hátt leggja jafna áherslu á fötlun.

d) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að efla umboð Kærunefndar jafnréttismála, þ.m.t. með því að veita henni rannsóknarheimildir og framfylgjanleg úrræði (í krafti embættisins) til að tryggja fötluðu fólki aðgengilegar og skilvirkar úrlausnir og til að standa fyrir vitundarvakningu um lög gegn mismunun og um kvörtunarferlið.

Fatlaðar konur (6. gr.)

3. Veita skal upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að tryggja að lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 nái yfir sértæka stöðu fatlaðra kvenna og stúlkna.

b) Ráðstafanir, þ.m.t. sértækar aðgerðir, sem hafa verið gerðar til að tryggja virka þátttöku fatlaðra kvenna og samtaka sem koma fram fyrir þeirra hönd við ákvarðanatöku, mat og vöktun laga og reglugerða sem ætlað er að fjalla um málefni sem varða fötlun og kyn og við útfærslu, framkvæmd og vöktun áætlana sem tengjast kynjajafnrétti.

c) Ráðstafanir sem gerðar hafa verið eða eru fyrirhugaðar til að þróa og innleiða mælikvarða sem endurspeglar sértæka stöðu fatlaðra kvenna í samræmi við 6. gr. og viðeigandi heimsmarkmið um kynjajafnrétti. Veita skal upplýsingar um ramma mælikvarðanna, gagnaöflunartæki, sundurliðun eftir kyni og fötlun og hvernig þau eru notuð við opinbera vöktun og skýrslugjöf.

Fötluð börn (7. gr.)

4. Veita skal upplýsingar um:

a) Innleiðingu laganna um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hvort hinn formlegi samráðsvettvangur og svæðisráð hafa verið stofnuð (CRPD/C/ISL/1, 62. mgr.), sem og um matið á framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um barnavernd 2019–2022 (CRPD/C/ISL/1, 58. mgr.) og ráðstafanir samkvæmt lögum og aðgerðaráætluninni sem beinast að fötluðum börnum.

b) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að meta og bregðast við áhrifunum af endurskipulagningu ráðuneytanna á yfirsýn og innleiðingu réttinda fatlaðra barna, einkum að því er varðar skiptingu verkefna milli ráðuneyta barna-, menntunar- og félagsmála. Veita skal yfirsýn yfir stofnanaábyrgð, þ.m.t. samræmingaraðferðir og skipulag ábyrgðar.

c) Verndarráðstafanir sem eru fyrir hendi til að tryggja að ákvarðanir sem varða fötluð börn séu ekki eingöngu byggðar á læknisfræðilegum greiningum heldur endurspeglar þróun getu þeirra, réttindi, vilja og óskir, ásamt dæmum um réttindamiðuð matsverkfæri, einstaklingsmiðaða skipulagsramma og þjálfunaráætlanir fyrir starfsfólk sem eru í notkun.

d) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja að fötluð börn séu höfð með við framkvæmd tilmæla nefndarinnar um réttindi barna (CRC/C/ISL/CO/5–6, 17. mgr.) um að breyta æskulýðslögum til að tryggja að öll sveitarfélög stofni ungmennaráð og skýri hlutverk þeirra, ábyrgð og umboð í samræmi við þingsályktunina um barnvænt Ísland og tryggi að öll börn geti tjáð skoðanir sínar og komið þeim á framfæri við töku allra ákvarðana sem hafa áhrif á þau, m.a. fyrir dómstólum og í einkamálum og um ákvarðanir sem varða forsjá, umgengni og hæli, og samþykki viðeigandi lagabreytingar til að tryggja að þau geti tjáð skoðanir sínar og að tekið sé mið af þeim þegar slíkar ákvarðanir eru teknar.

e) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að vakta og bregðast við kvörtunum, brotum á réttindum eða bresti á þjónustu sem hefur áhrif á fötluð börn og að sjá fyrir kerfum fyrir meðhöndlun kvartana sem eru aðgengileg börnum.

Vitundarvakning (8. gr.)

5. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja að ráðstafanir til vitundarvakningar um viðmið og meginreglur samningsins séu viðteknar þvert á geira, þ.m.t.

í opinbera geiranum, mennta-, fjölmiðla-, heilbrigðis- og atvinnumálum og innan réttarkerfisins og viðteknar við opinber innkaup, í efni námskráa, efni til þjálfunar innan löggæslunnar og í leiðbeiningum heilsugæslu vegna skimunar á forburaskeiði.

b) Núverandi reglu- eða stuðningskerfi til að tryggja að sú mynd sem er dregin upp af fötluðu fólki í fjölmiðlum, bæði opinberum og einkareknum, sé inngildandi og sýni því virðingu, þ.m.t. siðareglur, viðmiðunarreglur fyrir fjölmiðlafólk, efni til þjálfunar eða vöktunarskýrslur sem fjölmiðlaeftirlitsaðilar eða útvarpsrekendur nota.

c) Hvernig fatlað fólk er kerfisbundið haft með í vitundarvakningarherferðum aðildarríkisins fyrir milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Aðgengi (9. gr.)

6. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja samræmda og framfylgjanlega beitingu aðgengisviðmiða og -reglna í manngerðu umhverfi í öllum sveitarfélögum, þ.m.t. dreifbýli.

b) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að leiða í landslög tilskipun (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins 2016/2102 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki.

c) Ábyrgð ráðuneyta vegna inngildingar í stafrænu samfélagi og ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að bregðast við óaðgengileika ferla innan rafrænnar stjórnsýslu, einkum rafrænnar auðkenningar.

d) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja jafnan aðgang að almenningssamgöngum innan samningsríkisins, þ.m.t. með aðgengilegum farartækjum, upplýsingakerfum og bókunaraðferðum og aðgengi að almenningþjónustu og hjálparflutningsþjónustu.

Réttur til lífs (10. gr.)

7. Veita skal upplýsingar um löggjafar- og stefnuúrræði til að rannsaka, skjalfesta og tilkynna um dauðsföll fatlaðs fólks innan stofnana, þ.m.t. búsetu- og geðhjúkrunaraðstöðu, til að greina kerfislæga vanrækslu og þjónustubrest og til að safna gögnum um dánartíðni eða lífslíkur viðsvegar að til að greina misskiptingu.

Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð (11. gr.)

8. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Þróun nýju stefnunnar um almannavarnir og öryggismál (CRPD/C/ISL/1, 91. mgr.) og hvort hún er án aðgreiningar fatlaðs fólks, sem og ráðstafanir sem tilheyra neyðarstjórnun og tryggja aðgengi fyrir fatlað fólk, einkum fatlaðar konur, fötluð börn og fatlaða eldri einstaklinga, að 112-neyðarnúmerinu, neyðarbúðum og -skýlum, að hreinu vatni, hreinlætisaðstöðu og hjálpartækjum, þ.m.t. meðan á rýmingu stendur.

b) Kerfi til að tryggja náíð samráð og virka þátttöku fatlaðs fólks í þróun og framkvæmd almannavarnastefnu og neyðarviðbragðaramma fyrir milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Jöfn viðurkenning fyrir lögum (12. mgr.)

9. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Stöðu frumvarpsins á grunni niðurstöðu úttektar þingmannanefndar á lögræðislögum sem áætlað er að verði lagt fyrir alþingi fyrir lok 2020 (CRPD/C/ISL/1, (101. mgr.), ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að endurskoða aðra löggjöf sem getur takmarkað eða neitað um rétt hæfi og gerhæfi, t.d. almenn hegningarlög nr. 19/1940 og lög um réttindi sjúklinga 74/1997, sem og ráðstafanir til að skipta út ákvarðanatöku með staðgöngu fyrir kerfi með stuðningi við ákvarðanatöku þar sem sjálfræði, vilji og óskir fatlaðs fólks á öllum sviðum lífsins eru virtar, þ.m.t. með tilliti til aðgangs að fjármálaþjónustu og umsjón með fasteignum.

b) Kerfi sem eru til staðar til að tryggja að persónulegir talsmenn eða aðrir stuðningsveitendur, samkvæmt lögum nr. 88/2011, uppfylli kröfuna um „vilja og óskir“ í samningnum fremur en kröfuna um „hagsmuni í fyrirrími“, auk upplýsinga um regluramma og viðmiðunarreglur vegna málsmeðferðar sem gilda um málsvara, þ.m.t. efni til þjálfunar, fyrirkomulag yfirsýnar, kerfi fyrir meðhöndlun kvartana og allt mat sem fer fram.

c) Hvernig samningsríkið vaktar og stýrir notkun óformlegrar ákvarðanatöku með staðgöngu þjónustuveitenda, einkum í sambýlum eða húsnæðisúrræðum með stuðningi, þar sem starfsfólk kemur fram fyrir hönd íbúa án formlegra lagaheimilda, og veita upplýsingar um eftirlit, eftirlitsstaðla eða skráð tilvik þar sem gerð hefur verið úttekt á slíkri framkvæmd eða hún verið véfengd.

d) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja að óaðgengileiki rafrænnar auðkenningar (e-ID) og annarra stafrænna auðkenningarverkfæra fyrir fatlað fólk hafi ekki í för með sér þörf fyrir ákvarðanatöku með staðgöngu.

Aðgangur að réttinum (13. mgr.)

10. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja að aðlögun við málsmeðferð og aðlögun með tilliti til aldurs séu kerfisbundið í boði fyrir fatlað fólk á öllum stigum dómsmála.

b) Ráðstafanir til að greina og bregðast við fjölþættum erfiðleikum og erfiðleikum sem skarast innan réttarkerfisins til að tryggja aðgang að réttlæti, einkum fyrir fatlaðar konur sem eru fórnarlömb kynbundins ofbeldis.

c) Ráðstafanir til að veita lögreglufólki, saksóknurum, dómurum og öðru starfsfólki réttarkerfisins þjálfun varðandi réttindi fatlaðs fólks, þ.m.t. vegna aðgengileika að samskiptum, banns við mismunun og aðlagana sem varða málsmeðferð.

d) Notkun hæfra stuðningsaðila (*e. appropriate adults*) og aðgengi fatlaðs fólks að þeim samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008, þ.m.t. viðmiðanir um hæfa stuðningsaðila, ábyrgð þeirra og skipun.

Frelsi og öryggi einstaklingsins (14. gr.)

11. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að endurskoða, breyta eða fella gildandi löggjöf úr gildi ef hún gefur færi á frjálstræðissviptingu sem byggist á skerðingu og nauðungarmeðferð, þ.m.t. í samhengi geðheilbrigðis og réttshæfis/gerhæfis.

b) Löggjafar- og stefnuúrræði til að bregðast við ákvæðum sem gilda um ósakhæfi vegna geðheilsu, óhæfi til að fara fyrir dómþing og öryggisvistun sem gefur færi á ótakmörkuðu varðhaldi fatlaðs fólks án réttarfarslegra verndarráðstafana

c) Ráðstafanir til að bregðast við skertum tækifærum fatlaðra fanga til reynslulausnar til jafns við aðra og áframhaldandi vistun fatlaðra fanga eftir að refsingu þeirra lýkur, vegna skorts á heppilegum úrræðum í samfélaginu.

Vernd gegn pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (15. gr.)

12. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Stöðu frumvarpsins um breytingar á lögum nr. 47/2010 til að tryggja sanngjaflegar fyrir fötluð börn sem voru fórnarlömb ómannlegrar og grimmilegrar meðferðar á stofnunum (CRPD/C/ISL/1, 131. mgr.).

b) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að bregðast við ríkjandi notkun einangrunarvistar gegn fötluðum börnum og fullorðnum við gæsluvarðhald fram að réttarhöldum.

c) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að verja fötluð börn og fatlaða fullorðna fyrir skaðlegum venjum, svo sem takmörkunum, notkun fráhverfrar hegðunartækni, beitingu

nauðungar og þvingunarmeðferðum á geðheilbrigðisstofnunum, félagslegum dvalarheimilum, á heimilum og í skólum.

d) Svið, umboð og kerfi fyrir meðhöndlun kvartana hjá innlenda forvarnaraðilanum og hvort í þeim felst yfirsýn, vöktun og tilkynningar um það ef skaðlegum venjum er beitt gegn fötluðu fólki, svo sem þvingunarmeðferðum, takmörkunum og varðhaldi sem byggist á skerðingu.

Vernd fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum (16. gr.)

13. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Stöðu endurskoðunar á gildandi löggjöf um vernd fatlaðs fólks gegn misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum (CRPD/C/ISL/1, 133. mgr.), auk niðurstöðu matsins á 28-liða aðgerðaráætluninni um ráðstafanir gegn ofbeldi og afleiðingum þess 2019–2022 og hvort aðgerðaáætlunin felur í sér fjölþætta nálgun og hefur verið framlengd fram yfir 2022.

b) Ráðstafanir til að koma í veg fyrir og bregðast við hvers konar misnotkun, ofbeldi og misþyrmingum á fötluðu fólki, þ.m.t. að sjá fyrir kerfi fyrir meðhöndlun kvartana sem hæfir kyni og aldri, aðgengilegri aðstoð og stoðþjónustu við þolendur, auk söfnunar gagna víðsvegar að.

c) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að framkvæma tilmæli nefndarinnar um afnám misréttis gegn konum (CEDAW/C/ISL/CO/9, 26. mgr.) um að samþykkja heildstæða löggjöf um hvers kyns kynbundið ofbeldi gegn konum, einkum heimilisofbeldi, koma upp greiningarkerfum, samþykkja nýja þingsályktun um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, þ.m.t. kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi gegn konum og stúlkum með sérstakri áherslu á fatlaðar konur og stúlkur, tryggja hlítni allra lögregluembætta við fyrirmæli ríkissaksóknara um meðferð og rannsókn kynferðisbrotamála þegar fatlaður einstaklingur er þolandi, og tryggja að fatlaðar konur og stúlkur sem eru þolendur kynbundins ofbeldis hafi fullnægjandi aðgang að stuðningi við þolendur og að athvörfum.

Verndun friðhelgi einstaklingsins (17. gr.)

14. Veita skal upplýsingar um:

a) Löggjafar- og stefnuúrræði til verndar fötluðum konum og stúlkum fyrir ófrjósemisaðgerðum, getnaðarvörnum og fóstureyðingum án ótilneydds, fyrirframgefins og upplýsts samþykkis þeirra sem og upplýsingar um og viðunandi aðgang að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu og upplýsingum á aðgengilegu formi, m.a. varðandi fjölskylduáætlanagerð og vernd gegn kynferðislegri misnotkun.

b) Löggjafar- og stefnuúrræði til verndar intersex börnum fyrir ónaúðsynlegu læknisinngripi sem ber undantekningarlaust að fresta.

Ferðafrelsi og ríkisfang (18. mgr.)

15. Veita skal upplýsingar um:

a) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja að fatlað fólk hafi sjálfstæði til að geta fengið landsbundin persónuskilríki, rafrænt auðkenni og ferðaskilríki til jafns við aðra.

b) Áhrif breytinga á 33. mgr. laga um útlendinga nr. 80/2016 um fatlaða umsækjendur um hæli og fatlað flóttafólk, ráðstafanirnar til að tryggja að ferli vegna fólksflutninga, haelis og þjóðernis séu aðgengileg og án aðgreiningar fatlaðs fólks, þ.m.t. fatlaðra barna, og að mat á viðkvæmri stöðu (e. *vulnerability*) geri kleift að bera kennsl á fötlun og veitingu stuðnings vegna hennar.

Rétturinn til að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu (19. gr.)

16. Veita skal upplýsingar um:

a) Gildissvið og hæfi laganna um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og laganna um félagsþjónustu sveitarfélaga og hviernig þau verka

saman að því að veita samræmda nálgun við þjónustu, þ.m.t. í dreifbýli og litlum sveitarfélögum, til að tryggja þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar.

b) Ráðstafanir til að taka upp stefnu til afstofnanavæðingar til að hverfa frá umönnun á stofnunum, að bregðast við umtalsverðri vöntun á viðeigandi húsnæði með góðu aðgengi í samningsríkinu og til að taka á ósamræmi í aðgengi að samfélagslegri stoðþjónustu, einkanlega í dreifbýli og litlum sveitarfélögum.

c) Ráðstafanir til að leysa úr ágreiningsmálum innan stjórnsýslunnar og aðgerðaleysi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem veldur löngum biðtíma og misræmi í stuðningi og aðstoð milli landsvæða.

d) Ráðstafanir til að auka aðgang að notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA), þ.m.t. fyrir fólk með vitsmunalega og sálfélagslega fötlun og að taka á ósamræmi í aðstoðarhæfi og beitingu milli sveitarfélaga.

Ferlimál einstaklinga (20. gr.)

17. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að tryggja gæði og jafna dreifingu á ferliaðstoð, búnaði, hjálpartækni og ýmis konar persónulegri aðstoð og milliliðum innan samningsríkisins, sem og niðurstöðurnar úr endurskoðuninni á hugtakinu „hjálpartæki“ sem hófst árið 2019 (CRPD/C/ISL/1, 173. mgr.).

b) Þjálfunaráætlanir í ferli- og hjálpartækni fyrir sérhæft starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki, einkum í dreifbýli og innan landsvæða.

Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum. (21. gr.)

18. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að tryggja upplýsingar, sem eru ætlaðar almenningi, séu látnar fötluðu fólki í té í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, tímanlega og án aukakostnaðar.

b) Ráðstafanir til að tryggja að við stefnumótum, samráð og ákvarðanatökuferli innan opinbera geirans sé séð fyrir aðgengilegum samskiptaformum, þ.m.t. táknaáskilningum, auðlesnu máli og öðrum auknum og óhefðbundnum samskiptum.

Virðing fyrir einkalífi (22. gr.)

19. Veita skal uppfærðar upplýsingar um lagaleg úrræði og vöktunarkerfi sem standa fötluðu fólki til boða þegar brotið hefur verið á rétti þess til friðhelgi einkalífs, einkum í tilvikum þegar um er að ræða óleyfilegan gagnaflutning eða brot á trúnaðarkvöð innan opinberra stofnana, um ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja að fólk á stofnunum sé varið fyrir ólögætum afskiptum eða geðþótta afskiptum af einkalífi sínu og skriflegum samskiptum.

Virðing fyrir heimili og fjölskyldu (23. gr.)

20. Veita skal upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að bregðast við lagalegum og stjórnskipulegum hindrunum við mat á velferð barna sem setja fötlun fram sem áhættuþátt og valda þannig óhóflegri íhlutun ríkis og aðskilnaði barna og fatlaðra foreldra.

b) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að veita fötluðum foreldum næga og viðeigandi þjónustu og stuðning til að koma í veg fyrir aðskilnað fatlaðra barna frá fjölskyldu sinni.

c) Ráðstafanir til að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki, einkum fólki með vitsmunalega og/eða sálfélagslega fötlun, í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, og tryggja réttindi þeirra til jafns við aðra.

d) Ráðstafanir til að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.

Menntun (24. gr.)

21. Veita skal upplýsingar um:

a) Árangur við framkvæmd íslensku laganna um grunnskóla og inngildandi menntastefnur, þ.m.t. ráðstafanir til umskipta úr menntunarleiðum með aðgreiningu, þ.m.t. sérskólum og -bekkjum, yfir í inngildandi menntaumhverfi, einnig í dreifbýli og innan landsvæða.

b) Ráðstafanir til að tryggja framboð einstaklingsmiðaðs stuðnings, svo sem persónulegrar aðstoðar, hjálpartækni og aðlagaðs námsefnis fyrir fatlaða nemendur í almennum skólum.

c) Ráðstafanir til að greiða fyrir ferlum og inngildandi skiptum allt frá skyldunámi og yfir í framhaldsskóla, starfsmenntaskóla og æðri menntastofnanir, auk ráðstafana til að tryggja að fötluðum nemendum standi ekki eingöngu til boða starfsmenntun á þröngu sviði eða nám án gráðu.

Heilbrigði (25. gr.)

22. Veita skal upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að tryggja jafnan aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu sem er aðgengileg og á viðráðanlegu verði, einnig í dreifbýli og innan landsvæða, svo sem ráðstafanir til að tryggja að heilbrigðisstarfsfólk fái þjálfun í réttindum fatlaðs fólks og upplýstu samþykki, samskiptaaðferðum og einstaklingsmiðaðri nálgun.

b) Ráðstafanir til að þróa geðheilbrigðisþjónustu í nærsamfélaginu, þ.m.t. í dreifbýli og innan landsvæða, sem hæfir kyni og aldri, er án þvingunar og virðir vilja, óskir, reisn og réttindi fatlaðs fólks.

c) Gögn, sem er safnað víðsvegar að, um aðgang fatlaðra barna og fullorðinna að heilbrigðisþjónustu og heilsufarslegar niðurstöður, einkum um bið eftir aðgangi að geðheilbrigðisþjónustu.

d) Ráðstafanir til að veita inngildandi og samræmda kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu um allt samningsríkið til að tryggja að komið sé í veg fyrir inngrip af völdum forsjarhyggju hjá fötluðum konum og stúlkum.

Hæfing og endurhæfing (26. gr.)

23. Veita skal upplýsingar um ráðstafanir til að þróa samræmda innlenda stefnu um hæfingu og endurhæfingu til að mynda heildstæðan og samræmdan ramma, þvert á geira, sem tryggir framboð og samfellu um allt samningsríkið án tillits til landfræðilegrar staðsetningar, tegundar skerðingar eða aldurs.

Vinna og starf (27. gr.)

24. Veita skal uppfærðar upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að framkvæma tilmæli efnahags-, félags- og menningarréttindanefndarinnar (E.C12/ISL/CO/5, 25. mgr.) um að auka og efla atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk, þ.m.t. með því að bjóða vinnuveitendum upp á skilvirka hvata til að veita viðeigandi aðlögun, sem og að vinna mat á áhrifum COVID-19 faraldursins og vaxandi notkunar gervigreindar á vinnumarkaði, með sérstaka áherslu á atvinnu fyrir fatlað fólk.

b) Ráðstafanir til að tryggja atvinnutækifæri og starfsframa fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði, þ.m.t. að auka aðstoð við að finna, öðlast og halda starfi og snúa aftur á vinnumarkað, sem og ráðstafanir til að bregðast við sértækri erfiðri stöðu fatlaðra kvenna þegar kemur að því að fá störf og halda þeim.

c) Ráðstafanir til að þróa og nýta frumkvæði í sjálfstæðri atvinnustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, þróun samvinnufélaga og notendastýrðrar nýsköpunar og jafningjadrifinna viðskiptalíkana.

Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd (28. gr.)

25. Veita skal upplýsingar um:

a) Framkvæmd breytinga á almannatryggingakerfinu, velferðarkerfum og félagslegum tryggingakerfum sem hafa tekið gildi síðan í september 2025 og áhrif þeirra á fatlað fólk.

b) Ráðstafanir til að bregðast við kröfum sem fela í sér sjúkdómsvæðingu og endurtekningu í mati á rétti til að fá bætur, stuðning og þjónustu.

c) Stefnur til að draga úr fátækt hjá þeim hópum sem eru í mestri fátæktaráhættu, þ.m.t. fötluðu fólki, og viðleitni til að hækka ellilífeyri, atvinnuleysis- og örorkubætur.

d) Ráðstafanir til að bregðast við aðgengi að aðgengilegu húsnæði á viðráðanlegu verði, þ.m.t. löngum biðtíma og misræmi í stuðningi og aðstoð milli landsvæða og skorti á yfirsýn vegna óviðeigandi húsnæðis fyrir fatlað fólk, og landsbundinni vöktun á aðgengisviðmiðum.

Þátttaka í stjórnámálum og opinberu lífi (29. gr.)

26. Veita skal upplýsingar um:

a) Stöðu og áhrif frumvarpsins um breytingar á kosningalögnum (CRPD/C/ISL/1, 266. mgr.)

b) Ráðstafanir til að koma á landsstefnu og vöktunarramma til að bregðast við hömlum á aðgengi þvert á sveitarfélög, þ.m.t. skort á aðgengi að stafrænni atkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslu utan kjörstaðar og til að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðnotuð.

c) Ráðstafanir til að tryggja að allir einstaklingar sem eru í umsjá lögráðamanns haldi atkvæðisrétti sínum og séu ekki í raun hindraðir frá því að greiða atkvæði vegna ályktana um getu þeirra til að skilja ferlið og tjá vilja sinn og óskir.

d) Ráðstafanir til að styðja fatlað fólk við að koma á fót samtökum sem greiða fyrir því að upp sé dregin áhrifarík og rétt mynd af fötluðu fólki, þ.m.t. fötluðum konum og einstaklingum með vitsmunalega og/eða sálfélagslega fötlun, í stjórnámálum og opinberu lífi.

Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi (30. gr.)

27. Veita skal upplýsingar um:

a) Ráðstafanir til að framkvæma Marakess-sáttmálann um að greiða fyrir aðgengi þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun að útgefnum verkum.

b) Sérstakar aðgerðir til að inngilda fötlun í rammastefnum um menningarmál og sérstakar aðgerðir til að tryggja að fatlað fólk, þ.m.t. fötluð börn og fatlaðar konur, geti tekið þátt í íþróttum og tómstundastarfi til jafns við aðra.

c) Ráðstafanir til að styðja fatlað fólk til að þroska listræna getu sína og sérstaka menningar- og tungumálssjálfsmynd sína, þ.m.t. táknmál og menningu heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks.

C. Sérstakar skyldur (31-33 gr.)**Gagnasöfnun og tölfraeðilegar upplýsingar (31. gr.)**

28. Veita skal upplýsingar um:

a) Útkoma þess að hafa Washington-stuttlistann með í könnunum og einnig útkoman af notkun á rafræna manntalinu til að safna upplýsingum um fatlað fólk (CRPD/C/ISL/1, 281.–282. mgr.)

b) Ráðstafanir til að bregðast við skorti á sundurliðuðum gögnum og rannsóknum til að greiða fyrir söfnun, samræmingu og miðlun gagna til hægt sé að bjóða upp á greiningu á stöðu fatlaðs fólks og undirbyggja stefnuurræði og ráðstöfun tilfanga.

Alþjóðlegt samstarf (32.gr.)

29. Veita skal upplýsingar um:

- a) Ráðstafanir til að þróa og framkvæma þróunaráætlun með inngildingum fatlaðra.
- b) Ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að hafa samtök fatlaðs fólks með í ákvarðanatökuferlum sem tengjast alþjóðlegri samvinnu á heimsvísu og innan landsvæða um stefnur sem varða stuðning á sviði þróunarmála fyrir þróunarlönd og um þau tilföng sem eru í boði fyrir samtök fatlaðs fólks svo þau geti orðið aðilar að þróunarverkefnum.

Framkvæmd og eftirlit innan lands (33. gr.)

30. Veita skal upplýsingar um:

- a) Ráðstafanir til að tilnefna eða koma á fót einni eða fleiri miðstöðvum innan stjórnsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa.
- b) Gildissvið og umboð innlendu mannréttindastofnunarinnar.
- c) Ráðstafanir til að tryggja virka þátttöku borgaralegs samfélags í vöktunarferlinu, einkum fyrir fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd.
